

Skólaráðsfundur

17. október 2017 kl. 16:15

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Dagbjört Hjartardóttir, Guðný Jakobsdóttir, Guðrún Jenný Sigurðardóttir, Sóley Jónsdóttir, Lovísa Lin Traustadóttir og Sæbjörg Jóhannesdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Setning
2. Kynning á fulltrúum
3. Handbók um skólaráð
 - a) Lög og reglur um skólaráð
 - b) Starfsreglur
4. Skólinn
 - a) Í tölum
 - b) Áherslur
5. Lagt fram til kynningar (þessi gögn eru á heimasíðunni):
 - a) Starfsáætlun
 - b) Sjálfsmatsskýrsla 2016 – 2017
 - c) Úrbótaáætlun
6. Önnur mál

1. Setning

Skólastjóri bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund skólaársins 2017 – 2018.

2. Kynning á fulltrúum skólaráðs:

Skipan ráðsins þetta skólaár:

- Hilmar Már Arason skólastjóri,
- Elfa E Ármannsdóttir aðstoðarskólastjóri,
- Guðrún Jenný Sigurðardóttir kennari,
- Sóley Jónsdóttir kennari,
- Dagbjört Hjartardóttir stuðningsfulltrúi,
- Laufey Helga Árnadóttir foreldri,
- Ingibjörg K Kristjánsdóttir foreldri
- Guðný Heiðbjört Jakobsdóttir foreldri.
- Sæbjörg Jóhannesdóttir, fulltrúi nemenda
- Lovísa Lin Traustadóttir, fulltrúi nemenda

3. Handbók um skólaráð

Skólastjóri dreifði útprentuðu eintaki af *Handbók um skólaráð* til fundarmanna.

a) Lög og reglur um skólaráð

Úr lögum um grunnskóla. 8. gr. Skólaráð.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir

umfyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanlegákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

[Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja tímabundið um undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar til ráðuneytis. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast undanþágur samkvæmt þessari grein. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum skólaráðs verður sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.] 1)

Ráðherra setur reglugerð 2) um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

1)L. 91/2015, 10. gr. 2)Rg. 1157/2008.

b) Starfsreglur

Sjá starfsáætlun skólans.

4. Skólinn

a) Fjöldi nemenda og starfsfólks

Fjöldi nemenda í Grunnskóla Snæfellsbæjar 11.08.2017

Lýsa	Bekkir Leiksk.	Fjöldi	Umsjónark.	
		8	1	
	1.		1	
	2.	2		
	3.	1		
	4.	3		
	5.			
	6.	2		
	7.			
	8.	3		
	9.	3		
	10.	3		1
	St	25	3	
Hellissandur				
	1.	25	2	
	2.	25	2	
	3.	21	1	
	4.	12	1	
	St	83	6	
Ólafsvík				
	5.	22	1	
	6.	14	1	
	7.	28	2	64
	8.	22	1	
	9.	24	1	
	10.	20	1	66
	St	130	7	
Samtals		238	16	

Starfsfólk

- 30 kennarar
- 31 almennur starfsmaður
- 7 stjórnendur

b) Áherslur

Búið er að gera samning við talmeinaþjónustu Tröppu ehf. og fljótlega hefst fjarþjálfun á þeirra vegum en hér eru nokkrir nemendur sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

5. Lagt fram til kynningar

a) Starfsáætlun

- Endurskoðuð á hverju hausti.
- Upplýsingar í henni sem eiga við eitt skólaár
- Á heimasíðu skólans er hægt að nálgast Starfsáætlun fyrir þetta skólaár á slóðinni: https://issuu.com/grunnskolisnaefellsbaejar/docs/starfs_tlun_gsnb_25_09.2017
- Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert.

b) Sjálfsmatsskýrsla 2016 – 2017

- Gefin út á hverju ári
 - Aðferð
 - Langtíma áætlun
 - Niðurstöður
 - Úrbótaáætlun

Í haust kom út sjálfsmatsskýrsla skólans og í kjölfar hennar var unnin aðgerðaáætlun þar sem tilgreindir eru þeir þættir sem komu illa út og að hverju er stefnt til að bæta starfið. Á heimasíðu skólans á slóðinni <https://www.gsnb.is/sjalfsmater> hægt að nálgast þessi gögn. Sjálfsmatsteymi hefur verið skipað stjórnendum og hefur verið mikil vinna við að gera gátlista o.þ.h. Nú á að fá fleiri hagsmunahópa að borðinu til að vinna að sjálfsmatinu.

c) Úrbótaáætlun

Skólastjóri fór yfir og útskýrði umbótaáætlun skólans.

6. Önnur mál

- a) Fundartími ákveðinn á þriðjudögum kl. 16:15.
- b) Rætt um breytingarnar á bókasafni skólans í Ólafsvík.
- c) Pisa. Nemendur spurðu um tímasetningu og uppbyggingu prófanna.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17:55

Elfa E. Ármannsdóttir,
fundarritari